

## FRÉTTATILKYNNING

### Leiðbeinandi samkeppnisreglur á matvörumarkaði

Samkeppnisstofnun hefur birt [leiðbeinandi reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana](#). Í reglunum er fjallað um efni og form viðskiptasamninga milli birgja og matvöruverslana, þ.e. þau atriði sem Samkeppnisstofnun telur æskilegt að kveðið sé á um í samningum þeirra til að tryggja góða viðskiptahætti. Í samræmi við góðar viðskiptavenjur er æskilegt að öll fyrirtæki á markaðnum hafi reglurnar til hliðsjónar við samningagerð, óháð stöðu fyrirtækjanna á þeim markaði sem þau starfa á. Þó að fyrst og fremst sé um leiðbeinandi reglur að ræða kann það vera brot gegn samkeppnislögum ef fyrirtæki með verulegan markaðsstyrk nýtir þann styrk til að semja sig frá ákvæðum reglnanna. Í reglunum er m.a. fjallað um afskipti fyrirtækja af verðlagningu og viðskiptakjörum annarra fyrirtækja. Brot á þessum tilteknu reglum geta falið í sér gróft brot á bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga og kunna að varða viðurlögum.

Í byrjun maí 2001 kynnti Samkeppnisstofnun skýrslu sem stofnunin hafði tekið saman, „*Matvörumarkaðurinn – verðlagsþróun í smásölu 1996–2000*“. Ein af niðurstöðum skýrslunnar var að aukinn kaupendastyrkur á matvörumarkaðnum hefði leitt til viðskiptahátta sem í sumum tilvikum kynnu að vera andstæðir samkeppnislögum.

Í tillögum í matvöruskýrslunni sagði m.a. að Samkeppnisstofnun myndi kanna nánar hvort einstakir samningar eða samningsskilmálar milli birgja og matvöruverslana fælu í sér ákvæði sem væru skaðleg samkeppni. Þá kom einnig fram að rannsakað yrði hvort ástæða væri til að fella úr gildi slíka samninga eða skilmála, uppræta tiltekna viðskiptahætti eða setja aðilum markaðarins skilyrði eða hegðunarreglur.

Fljótlega eftir útkomu matvöruskýrslunnar kom í ljós að aðilar á markaðnum töldu að breyting til betri vegar hefði orðið í viðskiptaháttum, m.a. vegna umræðna sem orðið höfðu í kjölfar skýrslunnar. Það var þó mat Samkeppnisstofnunar að æskilegt væri að setja aðilum á matvörumarkaðnum leiðbeinandi reglur sem endurspeglu m.a. hvaða viðskiptahættir kunni að vera andstæðir samkeppnislögum. Þær reglur sem nú hafa verið birtar hafa þann tilgang að vera þeim sem starfa á matvörumarkaðnum leiðbeining um það hvers konar háttsemi og hegðun er í samræmi við góða samkeppnis- og viðskiptahætti og þá um leið hvað kann að fara gegn samkeppnislögum.

Rétt er að taka fram að þó svo reglurnar séu sniðnar að þeim fyrirtækjum sem starfa á matvörumarkaði geta ákvæði þeirra átt við á öðrum sviðum viðskiptalífsins. Í reglunum er fyrst og fremst tekið mið af þeim vandamálum sem einkenna samskipti birgja og smásala og er ætlað að vera þessum aðilum leiðbeining um það hvers konar hegðun í samskiptum þeirra í milli samræmist ákvæðum samkeppnislaga.